VÍÐISTAÐASKÓLI

ÁBYRGÐ – VIRÐING - VINÁTTA

KENNSLUÁÆTLUN SKÓLAÁRIÐ 2022 -2023

Námsgrein: Enska

Árgangur: 10

Tímar á viku: 4

Kennari/ar: Andrea María Fleckenstein og Birkir Már Viðarsson

Markmið- hvað ætlum við að læra?

Í **Aðalnámskrá grunnskóla** (2013) er lögð áhersla á að tungumál sé eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunaþroska einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum. Megintilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Námið á að leiða til þess að nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli af ólíkum toga og hæfni til að hagnýta sér þá þekkingu sem aflað er.

Að nemandi geti:

-Lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra.

-Lesið sér til fróðleiks rauntexta, t.d. úr dagblöðum, tímaritun og netmiðlum, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt

-Skrifað lipran samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt frá á góð tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar.

-Sýnt fram á að hann þekkir vel til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði.

-Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við.

-Getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins.

-Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan náms- og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra

-Fylgst með efni í fjöl- og myndmiðlum og geta sagt frá því og unnið úr.

-Hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim

-Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.

-Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum og nýtt sér í verkefnavinnu.

-Tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælenda.

-Samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

-Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi.

-Nýtt sér öll helstu hjálpartæki. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.

-Tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum.

Námsefni - hvaða bækur og gögn notum við?

Bækur: Spotlight 10 – lesbók og vinnubók, The Wave, Misery, Stories
Myndbönd: World Wide English, Misery, ýmis myndbönd
Spjaldtölva/Ljósrit: Ýmsar æfingar og verkefni

Kennsluaðferðir – hvernig vinnum við í kennslustundum?

Fyrirlestrar, umræður, kynningar, hópa- og paravinna og einstaklingsvinna. Upplýsingar um heimanám og verkefni hverrar viku á að nálgast inn á Mentor og Google Classroom.

Námsmat – hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Skilaverkefni, hópverkefni, paraverkefni, einstaklingsverkefni og próf. Leiðsagnarmat.

Sett fram með fyrirvara um breytingar